

Fundargerð 774. fundar

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2010, föstudaginn 7. maí kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Þorleifur Gunnlaugsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Lúðvík Geirsson, Elín R. Líndal, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Smári Geirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson,

Gunnar Einarsson boðaði forföll en varamaður hans hafði ekki tæk á að sitja fundinn.

Auk þess sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 773. fundar - 1001001SA

Lögð fram fundargerð 773. fundar stjórnar sambandsins frá 26. mars 2010.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Endurgerð heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga - 0503121SA

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs gerði grein fyrir endurgerð og endurbótum á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins, www.samband.is, sem unnið hefur verið að frá árinu 2007. Helstu breytingarnar frá fyrri vef eru þær að nú er efni og upplýsingar á vefnum flokkaðar eftir málaflokkum og verkefnum sveitarfélaga og tekið hefur verið upp nýtt vefumsjónarkerfi, svokallað Eplica2.0 frá Hugsmiðjunni ehf.

Formaður sambandsins opnaði síðan formlega nýjan og endurbættan vef sambandsins með aðstoð Ingibjargar Hinriksdóttur, tækni- og upplýsingafulltrúa sambandsins, sem sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Dagur B. Eggertsson kom til fundar kl. 12:35.

3. Fundargerð Jónsmessunefndar - 0409009SA

Lögð fram fundargerð Jónsmessunefndar frá 24. mars 2010.

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu nánari grein fyrir fundargerðinni og störfum nefndarinnar.

4. Starfshópur um breytingar á skattkerfinu - 1004016SA

Lagt fram bréf sambandsins til fjármálaráðuneytisins, dags. 20. apríl 2010, með athugasemd við skipun starfshóps um breytingar á skattkerfinu. Einnig lagðar fram fréttatilkynningar frá fjármálaráðuneytinu, nr. 1/2010, starfshóp um breytingar á skattkerfinu, og nr. 2/2010, fjármálaráðherra staðfestir nýskipan starfshóps um breytingar á skattkerfinu.

Jafnframt var lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 5. maí 2010, þar sem greint er frá fundi með fjármálaráðherra, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og starfsmanni tekju- og skattaskrifstofu ráðuneytisins. Á fundinum var rætt um skipan starfshóps um breytingar á skattkerfinu, endurgreiðslu virðisaukaskatts til sveitarfélaga vegna vinnu á byggingarstað, húsaleigubætur, endurgreiðslu hluta tryggingagjalds til sveitarfélaga o.fl.

5. Starfshópur til að meta kostnaðaráhrif nýrra laga um leikskóla og grunnskóla - 0812696SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 30. apríl 2010, um vinnu starfshóps til að meta kostnaðaráhrif nýrra laga frá 2008 um leikskóla og grunnskóla og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Í minnisblaðinu kemur fram að það er mat starfshópsins að kostnaðaráhrif flestra reglugerðanna séu ekki stórvægileg eða greinanleg miðað við fyrirliggjandi upplýsingar. Í nokkrum tilvikum telur starfshópurinn að um verulegan kostnaðarauka sé að ræða fyrir sveitarfélögin komi til þess að skyldur þeirra verði túlkaðar með tilteknum hætti og því þurfi að vakta þær reglugerðir sérstaklega. Starfshópurinn bendir sérstaklega á tvær reglugerðir, annars vegar um sérfræðiþjónustu og hins vegar um nemendur með sérþarfir, og að í þeim séu fólgin veruleg kostnaðaráhrif sem geti numið 210-220 m.kr. á ári.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir ánægju sinni með vinnu starfshóps, sem falið var að meta kostnaðaráhrif af innleiðingu nýrra laga um leikskóla og grunnskóla. Niðurstöður starfshópsins leiða ótvírætt í ljós að framangreind lög frá árinu 2008 auka kostnað sveitarfélaganna og leggur stjórnin áherslu á að sveitarfélögunum verði bættur sá kostnaðarauki með einum eða öðrum hætti.

Samþykkt var að vísa minnisblaðinu og greinargerð starfshópsins til Jónsmessunefndar til frekari umfjöllunar. Jafnframt var samþykkt að senda sveitarfélögunum minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs til upplýsingar.

6. Verkaskipti ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála - 0703106SA

Lögð fram fundargerð 42. fundar verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála, dags. 14. apríl 2010. Jafnframt lögð fram samantekt framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 6. maí 2010, þar sem tilgreind eru þau meginálitaefni sem unnið er að lausn á í verkefnisstjórn og á vettvangi félags- og tryggingamálaráðuneytisins og sambandsins.

Samþykkt var að fela formanni að leita sem fyrst eftir fundi með félags- og

tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra til þess að leita leiða til lausna á þeim álitaefnum sem enn standa út af í vinnu við gerð endanlegs samkomulags um flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

7. Skipulagsmál í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi - 1002018SA

Lagt fram minnisblað umhverfisráðherra til sambandsins, dags. 26. mars 2010, vegna skipulagsmála. Einnig lagt fram minnisblað skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps, dags. 27. apríl 2010, um breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, Holta- og Hvammsvirkjanir og tengivegs milli Þjórsárdalsvegur og Landvegur.

Sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins var falið að vinna áfram að málinu og afla frekari upplýsinga.

Hanna Birna Kristjánsdóttir kom til fundar kl. 13:50.

8. Umbætur á vsk-umhverfi sveitarfélaganna - 1003001SA

Lögð fram greinargerð, dags. 27. apríl 2010, til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og endurskoðunarnefndar um tekjustofna sveitarfélaga vegna vsk-umhverfis sveitarfélaganna.

Í greinargerðinni eru settar fram fjórar tillögur til breytinga á vsk-umhverfi sveitarfélaganna:

- a) Sveitarfélögin fá 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af fráveituf framkvæmdum.
- b) Sveitarfélögin fá 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna stofnkostnaðar slökkvi- og björgunarbúnaðar.
- c) Könnuð verði tilefni til breytinga á álagningu og innheimtu virðisaukaskatts af aðföngum til rekstrar almenningsgangna sveitarfélaga.
- d) Gengið verði til gagngerrar endurskoðunar á skattframkvæmd hvað varðar meðferð endurgreiðslubeiðna sveitarfélaga.

Samþykkt var að vísa greinargerðinni til tekjustofnanefndar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og jafnframt að senda hana til allra sveitarfélaga til upplýsingar.

9. Fundargerð Launanefndar sveitarfélaga - 0409021SA

Lögð fram fundargerð 40. fundar launanefndar frá 4. maí 2010.

10. Fundargerð skólamálanefndar sambandsins - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 53. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 13. apríl 2010.

Samþykkt var að tillögu skólamálanefndar í 4. tölulið fundargerðarinnar að

fela formanni og framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra og ítreka bréf sambandsins til ráðherra frá nóvember 2009 um heimild til þess að víkja frá tilteknum fjárhagslegum íþyngjandi ákvæðum grunnskólalaga með tilliti til niðurskurðar í útgjöldum sveitarfélaga til þess að mæta tekjusatvæði sem þau hafa orðið fyrir.

11. Fundargerð skipulagsmálanefndar sambandsins - 0910016SA

Lögð fram fundargerð 1. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 25. mars 2010.

12. EFTA og sveitarstjórnarstigið - 0702515SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins um 1. fund EFTA-sveitarstjórnarvettvangs og tilnefning fulltrúa, dags. 23. mars 2010, sbr. 11. tölulið fundargerðar 773. fundar stjórnar sambandsins frá 26. mars 2010.

Í minnisblaðinu kemur fram að sveitarstjórnarstigið á Íslandi á 6 aðalfulltrúa og 6 til vara á sveitarstjórnarvettvangi EFTA. Leitað hefur verið eftir því að landshlutasamtökin tilnefni fjóra aðalfulltrúa og fjóra til vara og Reykjavíkurborg einn aðalfulltrúa og einn til vara. Frá stjórn sambandsins komi því einn aðalfulltrúi og einn til vara.

Samþykkt var að formaður sambandsins taki þátt í fundum sveitarstjórnarvettvangs EFTA og Aldís Hafsteinsdóttir til vara.

13. Tilnefning í nefnd til að fara yfir skipulag og verkefni nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar - 1004026SA

Lögð fram beiðni félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 21. apríl 2010, um tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa í nefnd til að fara yfir skipulag og verkefni nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar.

Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra í Stykkishólmsbæ, eða Pál Brynjarsson, sveitarstjóra í Borgarbyggð, í nefndina. Það þeirra sem ráðherra velur ekki í nefndina verði varamaður hins. Stjórn sambandsins setur það sem skilyrði fyrir tilnefningunni að ferðakostnaðar fulltrúa sambandsins verði greiddur.

14. Álit reikningsskila- og upplýsinganefndar - 1004031SA

Lögð fram til kynningar álit reikningsskila- og upplýsinganefndar, annars vegar Álit 1/2010 um færslu leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja, og hins vegar Álit 2/2010 um færslu á lóðum og lendum. Jafnframt lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs, dag. 4. maí 2010, um afstöðu hans til álitanna sem birtist í bókun sem lögð var fram í nefndinni 29. apríl 2010. Í minnisblaðinu og bókuninni kemur fram að sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, en hann er fulltrúi sambandsins í reikningsskila- og upplýsinganefnd, sat hjá við afgreiðslu nefndarinnar á Áliti 2/2010 um færslu

lóða og lendna í bókhaldi sveitarfélaga, þar sem hann taldi að ekki hefði gefist nægjanlegur tími til undirbúnings og umræðna í nefndinni um svo mikilvægt mál og einnig að hann væri ekki sammála þeirri aðferðafræði við verðmat á lóðum og lendum sem meirihluti nefndarinnar samþykkti að beitt yrði.

15. Aðildarviðræður að ESB - 0909003SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 2. maí 2010, um ESB-ráðstefnu og stöðu aðildarviðræðna að ESB.

16. Tónlistarfræðsla - 0808559SA

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir viðræðum við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins um endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Einnig lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs, dags. 6. maí 2010, um fund viðræðunefndar um tónlistarfræðslu þann 6. maí 2010.

Dagur B. Eggertsson vék af fundi kl. 14:55.

17. Frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi - 1005004SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins um frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, 574. mál.

Drög að umsögn voru samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda umsögnina til Alþingis.

18. Frumvarp til lögreglulaga - 1004019SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins um frumvarp til lögreglulaga, 586. mál, og um frumvarp um framkvæmdavald ríkisins í héraði, 513. mál.

Drög að umsögn voru samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda umsögnina til Alþingis.

19. Lærdómur fyrir sveitarfélög af skýrslu RNA - 1005009SA

Þorleifur Gunnlaugsson lagði fram og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu sinni:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga felur lögfræði- og velferðarsviði sambandsins að meta skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis með tilliti til upplýsinga sem þar koma fram og varða sveitarfélögin og lærdóma er viðkoma stjórnkerfi, stjórnsýslu og fjármálastjórn, siðareglur, reglur um skráningu hagsmunatengsla og annað sem að gagni mætti koma fyrir sveitarfélögin.

Lögfræði- og velferðarsviði er falið að skila skýrslu sinni þannig að hún geti nýst sem innegg á landsþingi sambandsins í haust, jafnframt því sem hún gæti nýst í tengslum við endurskoðun sveitarstjórnarlaga.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

20. Frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun - 0911001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 5. maí 2010, um frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun, 555. mál.

21. Frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila - 0911001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 4. maí 2010, um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila, 570. mál.

22. Samskipti við AGS um skattamál - 0810623SA

Lagðar fram til kynningar upplýsingaglærur vegna heimsóknar AGS til sambandsins þann 28. apríl 2010.

23. Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða - 1004007SA

Lagt fram til kynningar bréf Fjórðungssambands Vestfirðinga, dags. 9. apríl 2010, þar sem óskað er eftir áframhaldandi stuðningi og samstarfi sambandsins við framgang verkefnis um nýtingu strandsvæða Vestfjarða.

24. Áskorun til sveitarfélaga og hugmynd að verkefni - 1005001SA

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Ferðamálasamtaka Íslands, dags. 15. apríl 2010, með áskorun til sveitarfélaga og með hugmyndum um verkefni.

25. Samantekt frá fundi í París í apríl 2010 - 1004003SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 7. apríl 2010, með samantektum frá fundi í París í apríl 2010 um fjárhagsstöðu sveitarfélaga í Evrópu.

26. Nordic Baltic International Network - 0605211SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 18. apríl 2010, um samráðsfund yfirmanna alþjóðamála í norrænu og baltnesku sveitarfélagasamtökunum sem haldinn var í Osló 6.-7. apríl 2010.

27. Þingsályktunartillaga um notendastýrða persónulega aðstoð við fólk með fötlun - 1004002SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 20. apríl 2010, um þingsályktunartillögu um notendastýrða persónulega aðstoð við fólk með fötlun.

28. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda o.fl. - 0911001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 7. apríl 2010, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

29. Frumvarp til laga um almenningssamgöngur - 1003039SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 6. apríl 2010, um frumvarp til laga um almenningssamgöngur.

30. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga - aukin upplýsingagjöf - 1002033SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 31. mars 2010, um frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 452. mál.

31. Frumvarp til skipulagslaga - 1003019SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 7. apríl 2010, um frumvarp til skipulagslaga.

32. Frumvarp til laga um mannvirki - 1003020SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 7. apríl 2010, um frumvarp til laga um mannvirki.

33. Frumvarp til laga um brunavarnir - 1003021SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 7. apríl 2010, um frumvarp til laga um brunavarnir.

34. Frumvarp til laga um skeldýrarækt - 1004020SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 4. maí 2010, um frumvarp til laga um skeldýrarækt.

35. Frumvarp til laga um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands - 1004028SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins um frumvarp um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, dags. 4. maí 2010.

36. Tilnefning í vinnuhóp um innleiðingu frjáls og opins hugbúnaðar í opinbera stjórnsýslu - 1003055SA

Lagt fram til kynningar bréf forsætisráðuneytisins, dags. 29. mars 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa í vinnuhóp um innleiðingu frjáls og opins hugbúnaðar í opinberri stjórnsýslu. Einnig lagt fram svarbréf sambandsins, dags. 6. apríl 2010, þar sem Hjörtur Grétarsson, forstöðumaður upplýsingatæknimála hjá Reykjavíkurborg er tilnefndur í vinnuhópinn.

37. Tilnefning áheyrnarfulltrúa í matsnefnd um náms og starfsráðgjafa - 1003051SA

Lagt fram til kynningar bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 16. mars 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu á einum fulltrúa sambandsins og annars til vara sem áheyrnarfulltrúa í matsnefnd um náms og starfsráðgjafa. Einnig lagt fram svarbréf sambandsins, dags. 6. apríl 2010, þar sem tilnefnd er Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, og til vara Valgerður Freyja Ágústsdóttir, stjórn málafræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins.

38. Tilnefning í nefnd um orkuskipti í samgöngum - 1004009SA

Lagt fram til kynningar bréf iðnaðarráðuneytisins, dags. 13. apríl 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á tveimur fulltrúum í nefnd um orkuskipti í samgöngum. Einnig lagt fram svarbréf sambandsins, dags. 28. apríl 2010, þar sem tilnefnd eru þau Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar, og Katrín Georgsdóttir, sérfræðingur umhverfismála hjá Sveitarfélaginu Árborg.

39. Tilnefning í samstarfsnefnd um starfsendurhæfingu - 1004027SA

Lagt fram til kynningar bréf félags- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 21. apríl 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu á einum fulltrúa sambandsins og annars til vara í samstarfsnefnd um starfsendurhæfingu. Einnig lagt fram bréf sambandsins, dags. 28. apríl 2010, þar sem tilnefnd eru þau Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, og Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar.

40. Refa og minkaveiðar - 1004025SA

Lagt fram til kynningar bréf Vasks á bakka ehf., dags. 10. mars 2010, um refa og minkaveiðar.

41. Frumvarp um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda - 0911001SA

Lögð var til kynningar umsögn sambandsins, dags. 3. maí 2010, um frumvarp um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda o.fl., 591. mál.

42. Frumvarp til breytinga á lögum um húsaleigubætur o.fl. - 0911001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 4. maí 2010, um frumvarp til breytinga á lögum um húsaleigubætur o.fl., 554. mál

43. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt - 0911001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 3. maí 2010, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, 506. mál.

44. Frumvarp til laga um breytingu á lögum sem varða félagsþjónustu sveitarfélaga o.fl. - 0911001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 4. maí 2010, um frumvarp um breytingu á lögum sem varða félagsþjónustu sveitarfélaga o.fl., 559. mál.

45. Frumvörp til laga um skuldara - 1004017SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 4. maí 2010, um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, 560. mál. Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 5. maí 2010, um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 4. maí, um frumvarp um breytingu á lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignakrafna á íbúðarhúsnæði, 561. mál.

Næsti fundur er ráðgerður 25. júní nk.

Fundi var slitið kl. 15:05.

Halldór Halldórsson

Þorleifur Gunnlaugsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Dagur B. Eggertsson

Lúðvík Geirsson

Elín R. Líndal

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Smári Geirsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Þorvaldur Guðmundsson

framkvæmdastjóri

ritari